

verður því sýknaður af kröfum ákærvaldsins og sakarkostnaður felldur á ríkissjóð.

D ó m s o r ð:

Ákærði, John Ernest Benedikz, er sýknaður af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 9. nóvember 1984.

Nr. 211/1984. **H/f Eimskipafélag Íslands**

gegn

Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja

Kærumál. Lögbann. Frávísun. Hafnað kröfu um áminningu á hendur fógeta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með tilvísun til lokaákvæðis 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. október 1984, sem barst Hæstarétti næsta dag. Hann krefst þess aðallega, að umbeðið lögbann verði lagt á, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að taka lögbannskröfuna til efnislegrar úrlausnar. Hvernig sem málið fari að öðruleyti, krefst hann þess, að setufógetanum verði veitt áminning „fyrir að hafa synjað lögbannskröfu kæranda á þeim grundvelli að lögbann sé ekki tiltækt réttarúrræði í vinnudeilu svo sem fram kemur í forsendum úrskurðar hans.“ Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist að kröfu sóknaraðilja verði hrundið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Úrskurðir fógetaréttar um það, hvort fógetagerð skuli fara fram eða ekki, sæta samkvæmt a lið 3. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 eigi

kæru til Hæstaréttar. Verður því ekki hjá því komist að vísa aðalkröfu og varakröfu sóknaraðilja frá dómi, enda verða þær kröfur eigi studdar við lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Héraðsdómari verður eigi látinn sæta viðurlögum samkvæmt nefndu lokaákvæði 21. greinar fyrir rökstuðning sinn fyrir dómsúrlausn. Um hann verður eigi fjallað í Hæstarétti nema í sambandi við löglegt málskot dómsúrlausnar. Er því eigi fært að verða við kröfur sóknaraðilja um áminningu á hendur setufógetanum.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Krafa sóknaraðilja um, að Eggert Óskarssyni setufógeta verði veitt áminning, er eigi tekin til greina. Að öðru leyti er kröfum sóknaraðilja vísað frá dómi.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Úrskurður fógetaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 23. október 1984.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 22. október sl., er höfðað fyrir fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af H/f Eimskipafélagi Íslands, Pósthússtræti 2, Reykjavík, með lögbannsbeiðni, dags. 18. október sl.

Endanleg kröfugerð gerðarbeiðanda í málinu er sú, að lagt verði lögbann skv. 3. kafla. 1. nr. 18/1949 við ólögmætri hindrun verkfallsvarða B.S.R.B. við því, að tollafgreiðsla á skipi gerðarbeiðanda m/s Urriðafoss geti farið fram og uppskipun að fenginni tollafgreiðslu við bryggju á Grundartanga, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Lögbannsgerð þessi fari fram á ábyrgð gerðarbeiðanda og gegn þeirri tryggingu, sem rétturinn ákveði. Óskað er eftir, að úrskurði fylgi forsendur.

Endanleg kröfugerð gerðarþola, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, B.S.R.B., Grettisgötu 89 Reykjavík, nnr. 0950-5164, er sú, að synjað verði um framgang gerðarinnar, jafnframt því að krafist er málskostnaðar að mati réttarins. Ef fógeti teldi rétt að leggja lögbann á skv. kröfu gerðarbeiðanda er þess og krafist, að gerðarbeiðandi setji tryggingu að mati réttarins.

Mál þetta var tekið fyrir í fógetarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 19. október sl., Kom þá fram krafa af hálfu gerðarþola, að sýslumaðurinn, Rúnar Guðjónsson, viki sæti í málinu. Með úrskurði, uppkveðnum í því þinghaldi, vék hinn reglulegi fógeti sæti í málinu. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. sama dag, var Eggert Óskarsson borgar-

dómari skipaður til þess að fara með mál þetta sem setudómari. Málið var tekið fyrir af setudómara 22. október sl., og í því þinghaldi breytti gerðarbeiðandi upphaflegri lögbannskörfu sinni í samræmi við breytt atvik, þar sem m/s Urriðafoss var lagstur við bryggju á Grundartanga. Málið var munnlega flutt og tekið til úrskurðar samdægurs.

— — —

Svo sem fram er komið, er í máli þessu ágreiningur milli aðilja um lög-mæti greindra aðgerða verkfallsvarða gerðarþola og yfirvofandi aðgerða þeirra vegna væntanlegrar uppskipunar. Eins og hér hagar til, þar sem ágreiningsefni aðilja tengist víðtækri vinnudeilu, og með hliðsjón af því, hvernig atvik hafa þróast í máli þessu, verður ekki talið, að eðlilegt sé að beita lögbanni sem réttarúrræði í deilu aðilja, sem eiga þess kost að fá úr-lausn þar um í venjulegu dómsmáli. Samkvæmt framansögðu ber að hafna því, að umbeðin lögbannsgerð fái fram að ganga, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson setudómari kvað upp úrskurð þennan.

Þ v í ú r s k u r ð a s t:

Umbeðið lögbann skal ekki ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.